

Fundargerð

10. fundur stjórnar FRÍ tímabilið 2018-2020, haldinn í fundarsal ÍSÍ Laugardal þriðjudaginn 13. nóvember 2018.

Mætt: Freyr Ólafsson formaður, Fjóla Signý Hannesdóttir, Guðlaug Baldvinsdóttir, Kári Steinn Karlsson, Aðalbjörg Hafsteinsdóttir, Eiríkur Mörk Valsson, Gunnar Svavarsson, Guðmundur Karlsson framkvæmdastjóri FRÍ og Íris Berg Bryde verkefnastjóri FRÍ.

Formaður setti fund klukkan 16:30 og bauð fundarmenn velkomna.

1. Fjallað um boðun fundar og rafrænt samþykkt mál bókuð - fundargerðir

Boðun og dagskrá fundar, samþykkt. Engar rafrænar afgreiðslur milli funda.

Fundargerð síðasta fundar afgreidd milli funda.

2. NM í víðavangshlaupi

Kári Steinn gerði grein fyrir árangri og afrekum mótsins. FRÍ sendi nær fulla skráningu í mótið að þessu sinni á heimavelli. Mótshaldið gekk vel og stjórnin þakkar öllum þeim sem komu að framkvæmd mótsins, nefndinni, starfsmönnum, sérlega Burkna Helgasyni.

3. Starfshópur um þjóðarleikvang í Laugardal

Ritari og formaður gerðu grein fyrir stöðu málsins, fyrsta fundi hópsins sem var árangursríkur, en búist er við kynningu á vegum ráðuneytis á næsta fundi 19.11 nk.

4. Formannafundur FRÍ og Uppskeruhátið

Rætt um viðburðina sem verða báðir fös. 23.11. Rætt um dagskrárliðina og hugsanlega kosningu í samstarfi við fjölmiðla. Allt klárt með dagskrárliðina, kvikmyndina, góðar veitingar svo og önnur atriði. Haldið í íþrótt- og ráðstefnuhöllinni Laugardal.

5. Mótaforrit FRÍ

Formaður kynnir stöðuna og athyglisverðar leiðir sem Norðurlöndin eru að notfæra sér.

6. Mótahald 2019 og skipting móta

Eiríkur formaður mótanefndar gerði grein fyrir vinnu nefndarinnar. Mun kynna ennbetur á formannafundinum. Skipting sýnd frá 2019 til 2024. 2019 tekið vel fyrir. Umræða.

7. Norrænt samstarf í miðlunarmálum

Rætt um leiðarlínur formanns sem hann hafði dregið saman í kjölfar þess að Norðurlöndin vilja eiga með sér samstarf í miðlunarmálum. Formanni og framkvæmdastjóra falið að tilnefna tengilið FRÍ í Norðulandaverkefnið.

8. Afrekssjóður FRÍ - Seinni úthlutun 2019

Stjórnin samþykkti framlagða tillögu afrekssjóra sbr. reglugerð um sjóðinn. Gert grein fyrir niðurstöðu á Uppskeruhátíð FRÍ.

9. Önnur mál

- Rætt um húsnæðismál í Laugardal, skrifstofuaðstöðu ÍSÍ.
- Undirritun stjórnar á fjármálaskjöl frá Landsbanka Íslands.
- Almenningsíþróttir. Formaður gerði grein fyrir viðbrögðum ÍSÍ sem eru fábrotin.
- ÍF erindi. Vísað til framkvæmdastjóra til úrlausnar í samræmi við fyrri stefnumörkun.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 18.02 með að Abba tók nokkur ABBA-lög.

Ritun fundargerðar: Gunnar Svavarsson.